

## HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2017, mánudaginn 24. apríl kl. 16.00 var haldinn 152. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Sandra Berg Cepero, Leifur Björnsson (varam. Bjarna Jónssonar), Kristín Elfa Guðnadóttir, Elín Engilbertsdóttir og Guðfinna J. Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi (varamaður Sigurðar). Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir formaður Íbúasamtaka Laugardals, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri þekkingarstöðvar PLH sem ritaði fundargerð.

### **Petta gerðist:**

1. Fram fer umræða um tónleika Secret Solstice í júní.  
Samþykkt að fá Ómar Einarsson, Guðmund Vigni Óskarsson, verkefnastjóra leyfisveitinga borgarlands, og fulltrúa Secret Solstice á næsta fund hverfisráðs til að kynna endanlega framkvæmd tónleikanna.  
  
- kl. 16.19 tekur Lilja Sigrún Jónsdóttir sæti á fundinum
2. Lagt fram erindi frá umhverfis – og skipulagssviði, dags. 31. mars 2017, um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Borgartúni 34-36.  
Hverfisráð gerir ekki athugasemdir við breytinguna.
3. Fram fer umræða um brettavöllinn við Laugarlækjarskóla.

Hverfisráð Laugardals leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráðið leggur til við umhverfis – og skipulagsráð að sá hluti vallarins sem hægt er að flytja verði fluttur hið fyrsta á brettavöll sem nú er á umráðasvæði Þróttar í Laugardal. Hverfisráð leggur áherslu á að með þessu náist sátt um brettavöll í hverfinu og að sá nýji verði jafngóður og sá fyrri. Jafnframt harmar hverfisráð þann mikla drátt sem orðið hefur á því að leysa þetta mál.

4. Lagt fram yfirlit umsóknir um styrk úr forvarnarsjóði Reykjavíkur.  
Samþykkt að verkefnið Breytendur á Adrenalíni fái úthlutað kr. 367.000 og verkefnið Lífsleikni fyrir unglinga og foreldra þeirra fái úthlutað kr. 180.000.  
Öðrum umsóknum er hafnað.  
Samþykktirnar eru að því gefnu að umsækjandi sýni fram á að úthlutunin geti nýst verkefninu.

Heiðar Ingi Svansson vîkur af fundi undir þessum lið.

5. Fram fer umræða um fyrri úthlutun styrkja úr hverfissjóði.  
Samþykkt að óska eftir umsóknum um styrki úr hverfissjóði til fyrri úthlutunar.  
Umsóknarfrestur er til 15. maí.
6. Lagt fram erindi frá öldungaráði, dags. 27. febrúar 2017, þar sem óskað er eftir að fulltrúi öldungaráðs fái að sitja fundi hverfisráðsins.  
Samþykkt að vísa erindi öldungaráðs til borgarráðs til afgreiðslu á jafnræðisgrundvelli fyrir hverfisráðin.
7. Fram fer umræða um fræðslufundi sem foreldraþorpið, vettvangur samstarfs foreldra í Laugardal og Háaleiti ætlar að halda 3. maí og í september.
8. Samþykkt að senda fyrirspurn til skóla- og frístundasviðs um framkvæmd á breytingu á innkeyrslu og bílastæði við leikskólann Steinahlíð við Suðurlandsbraut.

**Fundi slitið kl. 17.30**

Heiðar Ingi Svansson

Leifur Björnsson  
Kristín Elfa Guðnadóttir

Sandra Berg Cepero  
Elín Engilbertsdóttir